

Nd.

491. Tillaga

til þingsályktunar um geymslurúm fyrir innlendar kartöflur, váttrygging á þeim o. fl.

Flutningsm.: Bjarni Asgeirsson og Pjetur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka :

1. Á hvern hátt best verði komið á innlendri váttryggingu á kartöflum, svo að þær verði bæði trygg og veðhæf eign.
2. Hvernig best verði greitt fyrir því, að landsmenn geti sem fyrst fullnægt eigin þörfum um notkun þessarar nytjajurtar.

Að loknum þessum rannsóknum leggi stjórnin fyrir næsta þing lagafrumvarp um þessi mál, og sje þar einnig ákveðið, að úr ríkissjóði skuli veittur styrkur og lán til þess að koma upp hæfilega stórri og öruggri kartöflugeymslu í Reykjavík og víðar á landinu, þar sem svipuð skilyrði eru fyr-

ir hendi. Er æflast til þess, að styrkur þessi og lán verði veitt fjelagsskap kartöfluframleiðenda, þeirra, er hlut eiga að máli á hverjum stað, eða öðrum þeim fjelagsskap, sem þeir kynnu að fela framkvæmdir í þessu efni.